

Samþykkt fyrir stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps .

1. gr. Gildissvið samþykktarinnar

Samþykkt þessi er sett með vísan til sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986 (hér eftir fjallskilalög) með síðari breytingum og fjallskilasamþykktar nr. 683/2015 með síðari breytingum (hér eftir fjallskilasamþykkt).

2. gr. Stjórnskipuleg staða stjórnar fjallskilaumdæmisins

Stjórn fjallskilaumdæmisins starfar í umboði Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarbyggðar. Stjórnin ræður sér starfsmann.

3. gr. Skipan stjórnar

Í stjórn fjallskilaumdæmisins eiga sæti einn fulltrúi frá Akraneskaupstað, einn fulltrúi frá Hvalfjarðarsveit, einn fulltrúi frá Skorradalshreppi og tveir fulltrúar frá Borgarbyggð. Sveitarstjórnirnar skipa formlega í nefndina að loknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktum um stjórn og fundarsköp allra sveitarfélaganna sem stjórnin nær yfir. Varamenn eru skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann til fjögurra ára á fyrsta fundi sínum. Ráðinn starfsmaður er ritari stjórnarinnar. Stjórninni er heimilt að kalla hvern sem er til fundar við sig.

4. gr. Rekstur stjórnar

Hvert sveitarfélag greiðir sínum fulltrúum fyrir störf í stjórn samkvæmt eigin reglum um greiðslur fyrir setu í ráðum og nefndum.

Annar kostnaður skiptist með eftirfarandi hætti:

Akraneskaupstaður greiði 5 %

Borgarbyggð greiði 70%

Hvalfjarðarsveit greiði 20 %

Skorradalshreppur greiði 5%

5. gr. Hlutverk og verkefni stjórnar fjallskilaumdæmisins

Helstu verkefni stjórnar fjallskilaumdæmisins eru:

- Að annast rekstur stjórnar fjallskilaumdæmisins skv. 2. gr. fjallskilalaga og 1. gr. fjallskilasamþykktar.
- Að endurskoða og leggja til breytingar á fjallskilasamþykkt eftir því sem þurfa þykir skv. 3. gr. fjallskilalaga.
- Að gera samþykkt um ítölu ef þörf er á skv. 4. gr. fjallskilasamþykktar og ákvarða ítölu skv. 19. – 21. gr. fjallskilalaga.
- Að semja skrá yfir alla afrétti fjallskilaumdæmisins. skv. 6. gr. fjallskilalaga og ákveða nýja afrétti komi fram tillaga hlutaðeigandi sveitarstjórnar/a og samþykki viðkomandi landeiganda.

- Að skipa í skiptanefnd skv. 1. mgr. 14. gr. fjallskilalaga. berist ósk frá einhverju hlutaðeigandi sveitarfélaga að ganga úr fjallskiladeildinni.
- Að breyta leitar- og réttardögum að tillögu sveitarstjórna ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi skv. 15. gr. fjallskilasamþykktar, sbr. 48. gr. fjallskilalaga.
- Að útbúa markaskrá og gera fjárhagsáætlun fyrir hana, ákvarða greiðslu fyrir hvert mark og útsendingu markaskrár til annarra sveitarfélaga skv. 29. gr. fjallskilasamþykktar sbr. 66. gr. fjallskilalaga.
- Að ráða markavörð/verði til að hafa umsjón með upptöku nýrra marka og að búa markaskrá undir prentun. skv. 30. gr. fjallskilasamþykktar sbr. 66. gr. fjallskilalaga.
- Að fjalla um kærumál sem henni berast er lúta að fjallskilamálum og úrskurða í þeim. skv. 38. gr. fjallskilasamþykktar.
- Að skera úr ágreiningi milli sveitarstjórna um fjallskil. skv. 38. gr. fjallskilasamþykktar.
- Að sinna þeim verkefnum sem kveðið er sérstaklega á um í fjallskilasamþykkt eða fjallskilalögum og ekki eru nefnd að ofan.
- Að afgreiða önnur þau mál sem henni kunna að berast.

6. gr. Starfshættir stjórnarinnar

Hæfisreglur sbr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga gilda um afgreiðslur og meðferð einstakra mála innan stjórnarinnar. Um starfshætti stjórnarinnar gilda jafnframt ákvæði 1. kafla fjallskilasamþykktar. Þar sem þeim sleppir gilda eftir því sem við á ákvæði samþykktu aðildarsveitarfélaganna um stjórn og fundarsköp þeirra. Sveitarstjóri Borgarbyggðar boðar til fyrsta fundar kjörtímabilsins.

7. gr. Réttindi og skyldur stjórnarmanna

Hverjum stjórnarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Forfallist stjórnarmaður skal hann boða varamann sinn og láta formann vita um forföll með eins góðum fyrirvara og kostur er. Hver stjórnarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess og gögnum, séu þau til staðar, til formanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Fulltrúar skulu hafa hag sveitarfélaga og íbúa þeirra að leiðarljósi við stjórnarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglum og samþykktum um málaflokkinn. Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu í stjórninni og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli málsins, lögum eða samþykkt meirihluta stjórnarmanna hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Um hæfi stjórnarmanna gildir 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

8. gr. Gildistaka

Samþykktin öðlast gildi þegar sveitarstjórnir allra aðildarsveitarfélaganna hafa staðfest hana. Hún var staðfest á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar xx.xx.2023, sveitarstjórnar Borgarbyggðar xx.xx.2023, sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar xx.xx.2023 og sveitarstjórnar Skorradalshrepps xx.xx.2023.

Dagsetning

Undirskrift sveitarstjóra (hvert sveitarfélag undirritar)